

Vortónleikar og kaffiboð

Sú nýbreytni verður nú höfð á að Vortónleikar Söngfélagsins og Kaffiboð aldraðra verður haldið sameiginlega.

Tónleikarnir verða í Laugarneskirkju þann 6. maí kl. 14

Að loknum tónleikum verður Kaffiboð aldraðra Skaftfellinga í Safnaðarheimili kirkjunnar. Þar mun Söngfélag Skaftfellinga syngja nokkur lög undir stjórn Violetu Smid.

Sjá nánar í dagbók Morgunblaðsins þegar nær dregur.

Stjórn félagsins 2006–2007

Aðalstjórn	sími	GSM
Skúli Oddsson, formaður	587 1799	864 3415
Ármann Ó Sigurðsson	553 6156	
Guðrún Arnarsdóttir	587 4671	897 6382
Halla Bjarnadóttir	557 6238	844 3314
Ingibjörg Ingimundardóttir	478 1570	862 3433
Varastjórn		
Guðrún B Jónsdóttir	587 3315	659 3315
Jón Rafnsson	551 2566	863 3177

Skaftfellingabúð

Útleiga Skaftfellingabúðar er í umsjón Ingu Jónu Sigfúsdóttur, s. 863 2087.

Netfang félagsins er:
skaftfellingar@simnet.is

ATH. Skaftfellingabúð er óbókuð fermingardaginn annan í páskum.

Spilakvöld

Síðasta spilakvöld vetrarins var fimmtudaginn 8. mars s.l. Spilastjórnandi vetrarins var Sigríður Einarsdóttir og eru henni þökkúð vel unnin störf. Í vetur voru sjö spilakvöld og voru veitt verðlaun fyrir hvert kvöld. Einnig eru veitt verðlaun fyrir samanlagðan árangur allra kvöldanna og urðu Anna Jóhannsdóttir í kvenna-flokki og Gunnar Guðmundsson í karlaflokki stighæst.

Skaftfellingafélagið þakkar öllum spilurum þátttökuna og óskar sigurvegurum vetrarins til hamingju með árangurinn.

Mynda- og skemmtikvöld

Á síðasta vetrardag, þann 18. apríl verður mynda- og skemmtikvöld í Skaftfellingabúð kl. 20:30. Sigurður Hjálmarsson úr Vík mun sýna myndir úr Mýrdalnum.

Aðgangur er ókeypis.

Kaffihlaðborð og léttar veitingar verða seldar í hléi og eftir að sýningu lýkur.

Skaftfellingar eru hvattir til að mæta og kveðja vetur og fagna sumri. Húsið verður opið "fram á sumar"!

Netfangasöfnun!

Félagsmenn eru áfram hvattir til að senda netföng sín til stjórnar félagsins á netfangið:
skaftfellingar@simnet.is



Skaftfellingafélagið í Reykjavík • Laugavegi 178 • 105 Reykjavík • Sími 553 9955

1. tbl. mars 2007

Endursendist með upplýsingum um nýtt pósthfang ef viðtakandi er fluttur

• **Mynda- og skemmtikvöld**
kl.20:30
Síðasta vetrardag
18. apríl 2007

• **Vortónleikar Söngfélagsins og Kaffiboð aldraðra**
Sunnudaginn
6. maí 2007

• **Aðalfundur**
kl.20:30
Þriðjudaginn
15. maí 2007

• **Hreinsunarferð í Heiðmörk**
Laugardaginn
2. júní 2007

• **Vorferð**
Laugardaginn
9. júní 2007

• **Sumarskálms og útilega í Mýrdal**
10.-15. júlí 2007

• **Skálms**
Miðvikudaga kl. 19:30
Laugardaga kl. 10:00

Skaftfellingamesa

Prestar Breiðholtskirkju og Skaftfellingafélagið standa fyrir guðspjónustu í Breiðholtskirkju sunnudaginn 18. mars n.k. klukkan 14:00

Prestar Breiðholtskirkju, þau sr. Gísli Jónasson og sr. Bryndís Malla Elíadóttir sjá um messuhald, ásamt þeim sr. Fjalari Sigurjónssyni og sr. Sigurði Kr. Sigurðssyni, sóknarpresti á Höfn, sem predikar.

Söngfélag Skaftfellinga ásamt félögum úr samkór Hornafjarðar munu syngja við messuna.

Organistar og kórstjórar eru Kristín Jóhannesdóttir, organisti Hafnarkirkju og Violeta Smid, kórstjóri Söngfélagsins.

Að messu lokinni mun Söngfélag Skaftfellinga selja kaffi og kúkur í safnaðarheimili kirkjunnar.

Söngfélagið mun syngja á meðan á kaffi stendur. Verð kr. 750 en frítt fyrir 14 ára og yngri.

Skaftfellingar eru hvattir til að fjölmenna og taka með sér gesti.

Hreinsun í Heiðmörk

Laugardaginn 2. júní er fyrirhuguð árleg grisjun og fegrin í skógræktarreit Skaftfellingafélagsins í Heiðmörk. Vonast er til að áhugasamir sjái sér fært að taka til hendinni og mæti með sagir og klippur, á tímabilinu frá 10-16. Farið er af Suðurlandsvegi inn á Heiðmerkurveg rétt fyrir austan brúna á Hólmsá. Ekið eftir veginum Hraunslóð, 1,5 km en við hann stendur skiltið Skaftafell þar sem reiturinn er.

Vorferð

Vorferð Skaftfellingafélagsins verður farin 9. júní og að þessu sinni verður farið um uppsveitir Árnessýslu. Undanfarin ár hafa ferðalangar verið rúmlega tuttugu og átt saman góðan dag. Stoppað verður á sögustöðum og ferðinni hagað eftir aðstæðum.

Brottför frá Breiðholtskirkju í Mjódd kl. 9 á laugardagsmorgni. Áætlaður kostnaður er kr. 4.000 á mann.

Skráning hjá Skúla í síma 864-3415 fyrir miðvikudaginn 6. júní.

Aðalfundur Skaftfellingafélagsins

Aðalfundur Skaftfellingafélagsins í Reykjavík verður haldinn þriðjudaginn 15. maí 2007, kl. 20:30 í Skaftfellingabúð, Laugavegi 178.

Dagskrá:

Skýrsla og ársreikningar stjórnar
Skýrsla og ársreikningar Kvikmyndasjóðs
Skýrslur Söngfélags Skaftfellinga og gönguhópsins Skálmar
Kosning stjórnar
Húsnæðismál og framtíð félagsins
Önnur mál

Óskað er eftir tilnefningum til stjórnar.

Stjórnin

Skálm

Áfram verður skálmað fram á sumar á **laugardagsmorgnum kl. 10 (2 klst.)** og á **miðvikudögum kl. 19:30 (1 klst.)**. Á **miðvikudögum** er gengið um **Ellidaárdal frá Víkingsheimili**. Skálmið er nú orðið 6 ára gamalt. Nýir þátttakendur bætast alltaf í hópinn og hvetjum við þá sem alltaf eru á leiðinni að slást í hópinn. Nánari upplýsingar í síma 897 6382

Á laugardögum verður gengið sem hér segir:

17.3: Mosfellsbær - Álafoss

24.3: Úlfarsfell við skógrækt

31.3: Hvaleyrarvatn

7.4: Heiðmörk - Furulundur

14.4: Mosfellsbær - Álafoss

21.4: Úlfarsfell við skógrækt

28.4: Hvaleyrarvatn

5.5: Esja

12.5: Hvaleyrarvatn

19.5: Heiðmörk - Furulundur

26.5: Esja

2.6: Heiðmörk - hreinsunardagur

9.6: Mosfellsbær - Álafoss

16.6: Esja

23.6: Úlfarsfell við skógrækt

30.6: Vífilselfell

7.7: Úlfarsfell við skógrækt

10.7-15.7: Sumarskálm í Mýrdal

Það sem eftir er sumars hittast gönguglaðir á laugardögum í Furulundi í Heiðmörk kl. 10.

Framtíð Skaftfellingafélagsins

Í janúar s.l. var haldinn stjórnarfundur í Skaftfellingafélaginu í Reykjavík. Á fundinum voru lagðar línur varðandi starf félagsins fram á vorið eins og venja er, en einnig var rætt um framtíð félagsins, húsnæðismál og stjórnarfolk.

Í framhaldinu var sendur póstur á netfangalista félagsins þar sem hvatt var til umræðna um framtíð félagsins.

Eins og vonandi flestir vita fjárfestu forverar okkar í stjórn í húsnæði að Laugavegi 178 fyrir fjöldamörgum árum. Þar hefur í gegnum tíðina margur Skaftfellingurinn gengið um gleðinnar dyr og má nefna Vogleði mikla sem haldin var "í gamla daga" á síðasta vetrardag og einnig frábæra Fylaveislu sem enn er haldin með pompi og prakt fyrsta vetrardag ár hvert. Einnig hefur salurinn nýst félagsmönnum til veisluhalds s.s. við fermingar, afmæli og brúðkaup.

Fyrir nokkrum árum var ákveðið á aðalfundi að hætta innheimtu félagsgjalda og opna félagatalið. Í framhaldi af því hafa margir verið skráðir í félagið og eru félagsmenn nú rúmlega 1.000.

Starfsemi félagsins hefur einnig falist í spilakvöldum, kaffiboði aldraðra að vori, vorferð og Heiðmerkurferð þar sem öflugur hópur hefur mætt í reit félagsins, grisjað og tekið til. Skálmið góða er orðinn einn af fastapunktunum í starfseminni og er í gangi allan ársins hring.

Söngfélag Skaftfellinga er í raun einn angi félagsins en er þó sér félagskapur en Skaftfellingafélagið og Söngfélagið tengjast þó ætíð órjúfanlegum böndum.

Nú er ár liðið síðan fasteign félagsins að Laugavegi var seld en á aðalfundi og almennum félagsfundi var samþykkt að selja eignina enda fyrirsjáanlegt kostnaðarsamt viðhald. Í framhaldinu var ákveðið á aðalfundi s.l. vor að leigja salinn af nýjum eiganda í vetur.

En hvert á félagið að stefna í framtíðinni? Er rétt að kaupa nýjan sal, hvaða starfsemi á að vera í félaginu og eru einhverjir sem hafa áhuga á að koma að starfi félagsins? Undanfarin ár hefur fækkað í þeim hópi sem heldur starfi félagsins gangandi. Á aðalfundi í vor er ljóst einhverjir munu ganga úr stjórn, enda sumir hverjir búnir að verma stjórnarstólinn í vel á annan áratug.

Stjórnin óskar eftir áhugasömu fólki til að koma að stefnumótun félagsins og jafnframt einhverjum áhugasömum til að taka að sér að setjast við stjórnvölin í eins og eitt kjörtímabil eða svo, en kjörtímabilið er 1 ár í formannsstól en 2 ár í stjórnarstól.

Stjórn félagsins vill hvetja þig viðtakandi góður til að leggja þitt af mörkum við að marka Skaftfellingafélaginu stefnu til næstu ára.

Skaftfellingar, fjölmönnum á aðalfund þann 15. maí n.k.

Stjórnin

Heimasíða!

Stjórnin hefur hug að setja upp heimasíðu og auglýsir eftir fagfólki í slíku meðal félagsmanna.

skaftfellingar@simnet.is